



Forsætisnefnd

Reykjavík, 21. ágúst 2025

MSS24080092

Endurskoðun reglna um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs 26. júní sl. var lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fána Palestínu við Ráðhúsið, ásamt breytingatillögu borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Vinstri grænna ásamt áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem samþykkt var svo breytt og færð í trúnaðarbók en færð í fundargerð og gerð opinber á fundi borgarráðs 3. júlí sl.

Samþykktin er svohljóðandi:

Lagt er til að fáni Palestínu verði dreginn að húni við Ráðhús Reykjavíkur til að sýna samstöðu með palestínsku þjóðinni. Fánanum verði flaggað við hlið úkraínska fánans. Í kjölfarið verði forsætisnefnd falið að endurskoða reglur um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar. Markmið endurskoðunarinnar er tvíþætt; annars vegar að setja skýr viðmið um hversu lengi fánar skuli blakta við stjórnsýsluhús í kjölfar ákvörðunar um að flagga þeim. Hins vegar að tryggja að auðveldara sé fyrir kjörna fulltrúa að sýna þjóðum og íbúum samstöðu þegar við á. Forsætisnefnd verði falið að leita til viðburðastjórnar í þessari vinnu og leggja fram uppfærðar reglur.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að hefja endurskoðun á reglum um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkur. Einnig er lagt til að forsætisnefnd feli viðburðarstjórn Ráðhúss Reykjavíkur að gera tillögu að breytingum á reglunum m.t.t. þess að setja viðmið um hversu lengi fánar skuli blakta við stjórnsýsluhús og til að tryggja að auðveldara sé fyrir kjörna fulltrúa að sýna þjóðum og íbúum samstöðu þegar við á.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík